

Ásgerður Búadóttir í Unuhúsi

LISTVEFNAÐUR er því miður ekki mikið stundaður hér á landi, en er ríkur þáttur í myndlist nútímans annars staðar í Evrópu. Það má með sanni segja, að þessi forna listgrein hafi verið endurvakin og færð í nútíma-horf á þessari öld og standa Frakkar þar mjög framarlega. Bretar hafa einnig gert marga góða hluti á þessu sviði, og má þar til sönnunar nefna hið mikla teppi er prýðir hina merkilegu dómkirkju í Coventry. Á Norðurlöndum hefur einnig mikið verið unnið að myndvefnaði, og þar starfaði Júlíana heitin Sveinsdóttir og komst í fremstu röð vefara á Norðurlöndum.

Ásgerður Búadóttir er löngu orðin kunn fyrir myndvefnað sinn og hefur vakið verðskuld-aða athygli með verkum sínum, bæði hér heima og erlendis. Hún er sú kona hérlandis, sem mest hefur borið á í þessari listgrein og sett hefur algert nútímasnið á verk sín. Nú hefur verið komið fyrir til verka eftir Ásgerði Búadóttur í Unuhúsi við Veghúsastíg, og fara þessi verk sérlega vel í salnum hans Ragnars Jónssonar. Það er skemmtilegur heildarblær á þessari sýningu, og hún verkar róandi og aðlaðandi. Ásgerður er ekki hávaðasöm í þessum verkum, og nokk-

uð ber á sauðalitunum, sem stundum eru settir við sterkari liti, rautt og blátt til dæmis. Formið í þessum verkum er rólegt og liggur vel í myndfletinum, og stundum er eins og maður sakni nokkuð, að ekki eiga sér stað snarpari átök milli litar og forms, en á hinn bóginn getur þetta einmitt verið kostur við myndvefnað, og eitt er víst, að Ásgerður ræður vel við það, sem hún tekur sér fyrir. Þó verður ekki sagt með sanni, að um stórbrotin verk sé að ræða á þessari sýningu. Allt er fellt og nosturlega unnið á einfaldan og ljúfan hátt. Stórir litfletir fá að njóta sín á rólegum myndfleti, sem stundum verður áhrifaríkur og (eftirminnilegur). Eitt þeirra verka, sem festust einna rækilegast í huga mér á þessari sýningu, var „Vefjahiminn“, sem er nýlega ofið verk og No. 1. á þessari sýningu. Það má vell vera, að það sé alrangt hjá mér, en mig grunar, að myndvefnaður eigi að vera dálítið stór og monomental í sniðum. Það verk ar á mig einhvern veginn þannig, efníð sjálft og eigindir þess.

Um tæknilega hlið málsins þori ég ekki að fullyrða neitt, til þess þekki ég of lítið til vefnaðar í heild, en það mætti segja mér, að þessi verk séu ágætlega unn-

in, en um það verða mér færari menn að dæma.

Öll eru þessi teppi Ásgerðar ofin á seinustu fimm árum, og er elzta teppið frá 1962, en þau nýjustu frá þessu ári. Þetta eitt sannar, að Ásgerður stundar listgrein sína af mikilli elju og dugnaði. Ég hafði mikla ánægju af að sjá þessi verk Ásgerðar, og eins og ég hef þegar sagt, verkuðu þau þægilega róandi og aðlaðandi á skoðarann. Litirnir og sjálft efnið hafa líka eitthvað sérstakt, sem verkar innilega og sannfærandi. Það er eitthvað sérlega kvenlegt við þessi verk, sem í látleysi sínu festast í huga manns.

Þegar Ragnar Jónsson byrjaði á þessari myndlistarstarfsemi sinni í Unuhúsi við Veghúsastíginn, varð maður dálítið var við, að fáir vissu raunverulega, hvar það fræga fyrirtæki Helga-fell var til húsa, en nú er eins og þetta sé að breytast, og fólk er farið að átta sig á, að það er bæði Unuhús við Veghúsastíg og Garðastræti. Aðsókn að þessum seinustu sýningum sanna þetta rækilega, og þeir, sem lesa þessar línur, verða að rölta á Veghúsastíg, en ekki Garðastrætið, vilji þeir sjá þessa skemmtilegu sýningu Ásgerðar Búadóttur.

Valtýr Pétursson.



Ásgerður við eitt teppa sinna.

Samsöngur

KARLAKÓRINN „Fóstbræður“ hefur nú efnt til vorsamsöngva sinna í Austurbæjarbíói. Undirritaður var viðstaddur samsönginn s.l. miðvikudagskvöld. Stjórnandi var Ragnar Björnsson. Ragnar virðist alltaf hafa sérstakan metnað í sambandi við verkefnafl, litur svo á, að karla-kórssöngur verði að ná til víðari áheyrendahóps en nánustu ættingja og vina kórfélaganna. Þess vegna tekur hann fyrir lög, sem ekki er líklegt að hafi velkzt lengi í nótnastafli kórsins. Þá fær maður líka að heyra í hléum og að samsöng loknum, „að það hafi verið alltof lítið um

fjörugu og hressandi lögin. . . . alltof mikið af þessum hægu og leiðinlegu lögum. . . .“

Beztu hluti efnisskrárinna kom síðast eins og vera ber. Þetta voru „Fjórar ungverskar þjóðvísur“ eftir Bartók, prýðisvel sungnar. Það var eiginlega furðulegt, að ekki skyldi hver einasta vera klöppuð upp. (Næst á undan hafði kórinn sungið fjögur lög sem bezt er að gleyma). Sextán söngmenn og konur sungu Neue Liebeslieder, valsaða op. 56 eftir Brahms. Guðrún Kristinsdóttir og Ólafur Vignir Albertsson léku með fjórhent. Söngurinn bar þess merki, að hér var „samskotasöngur“ og röddum hætti til að trosna í sundur. Samsöngurinn hófst með lögum eftir Gylfa P. Gíslason í heldur viðamiklum útsetningum Jóns Þórarinnssonar fyrir einsöng, kór og píanó (Carl Billich).

Þau Eygló Viktorsdóttir, Guðrún Tómasdóttir, Sigurveig Hjaltested, Svala Nielsen, Hákon Oddgeirsson og Kristinn Hallsson sungu einsöng á samsöng þessum og gerðu það vel.

Porkell Sigurbjörnsson.

Tveimur Rússum vísað frá U.S.A.

New York, 24. apríl, NTB.

TVEIMUR rússneskum sendiráðsmönnum, sem samkvæmt frásögnum New York blaðanna eiga að vera yfirmenn í rússnesku leyniþjónustunni, var í dag fylgt af fimm alríkislög-reglumönnum á Kennedy-flugvöllinn, en þaðan fóru þeir flugleiðis til Parísar.

Af opinberri hálfu var neitað að staðfesta, að Rússarnir væru njósnarar, en talsmaður utanríkisráðuneytisins í Washington vildi ekki neita því, að þeir væru háttsettir í rússnesku leyniþjónustunni K.G.B. Samkvæmt upplýsingum New York blaðanna var annar þeirra, sem kallaði sig Vasili V. Kusnetsov, næstæðsti maður K.G.B.

viðs vegar, og leikið inn á hljómpötur. Tónskáldin Hans Pfitzner og Max Reger voru nánir vinir hans og helguðu honum margar tónsmíðar. Auk áður-nefndra verka Beethovens verður fluttur forleikurinn að óperunni Ifigenía í Aulis eftir Cluck.

Stjórnandi tónleikanna er Bohdan Wodiczko.



Bohdan Wodiczko

Úrvalsmynd í Hafnarfjarðarbíói

HAFNARFJARÐARBÍÓ sýnir um þessar mundir eina þeirra úrvalsmynda, sem gert hafa japanska kvikmyndamenn viðfræga um heimsbyggðina. Við höfum verið svo lánsöm að fá nokkrar þessara mynda til Íslands, og munu þær vera flestum sem sáu ógleymanlegar. Meðal þessara úrvalsmynda voru „Rasjómon“, „Sjö Samúrai“ og „Líförðurinn“ eftir snillinginn Kúrósaua, sem sýndar voru með margra ára millibili, „Hlið Vitis“ eftir Keinosúke Kínógasa, „Harakírí“ eftir Masaki Kóbajasi, sem m.a. var sýnd á Listahátíðinni 1964, og loks þrjár kvikmyndir eftir snilldarmanninn Kon Itsjigaua, „Olympíuleikarnir í Tókíó“, „Kagi“ (Lykillinn) og „Nóbí“ (Reyksúla), sem nú er sýnd í Hafnarfjarðarbíói. „Nóbí“ fjallar um japanska hermenn á flotta undan Bandaríkjamönnum í seinni heimsstyrjöld og rekur einkum sögu eins þeirra, Tamúra, sem er snilldarlega leikinn af Eiji Fúnakoski. Myndin er byggð á sögu eftir rithöfundinn Sjóhei O-oka, sem sjálfur rataði í svipaðar raunir og Tamúra. Hér er sem sé dregin upp hrikaleg mynd af vitfirringu styrjalda og þeirri botnlausu niðurlægingu sem maðurinn sekkur í, þegar hungur, vöðuból og vonleysi ræna hann því sem talið er gera hann dýrum æðri. Sjaldan eða aldrei hef ég séð á kvikmyndatjaldinu markvissari og undanbragðalausari krufningu þess hrottalega veruleiks og þeirra óhrjálegu orlaga sem styrjaldir búa mönnum. Itsjigaua gengur hvergi á mála, reynir ekki að snurfusa landa sína eða ljá þeim hétju-ljóma, öðru nær. Hann kryfur þá af miskunnarleysi hins sanna listamanns, sem hefur það markmið eitt að sýna veruleikann eins nakinn og verða má. Mörg atriði í myndinni eru hreinustu hrollvekir, t.d. dráp hundsins og mannátið, en þau eru ómissandi þættir í þeirri heildarsýn sem listamaðurinn leiðir okkur fyrir sjónir. Það er í þessu samhengi athyglisvert hve mildum höndum hann fer um hermenn óvinarins, þá sjaldan þeim bregður fyrir.

„Nóbí“ er hrikalegt listaverk, næstum örvæntingarfullt viðvör-unaróp til mannkynsins, en hrikaleikinn hefur ekki aðeins í

sér fólga miskunnarlausu afhjúpun undirdjúpanna í manns-sálinni, þegar hún stendur á yztu þrömu, heldur einnig mikla mannlega fegurð sem meðal annars birtist í samskiptum hinna hrjáðu flóttamanna sín á milli (þegar sjálfelskan vikur fyrir samúð og skilningi) og í samneyti mannsins við náttúruna og gæði hennar, t.d. þegar Tamúra laugar fætuna í fljótinu eða þegar hermennirnir bragða á langbráðu saltinu og tár tritlar niður vangann á einum þeirra.

„Nóbí“ er ekki margort listaverk; töfrar þess birtast fyrst og fremst í myndrænum krafti og fyllingu, ótrúlegu næmi á hlutverk veðurfars, landslags og víðerna í mótun efnisins: oft vekur myndin þá tilfinningu, að við séum komin aftur í árdaga og sjáum baráttu fyrstu jarðarbúa við óblíð og óskiljanleg náttúruöfl. Hvað sem líður einstökum þáttum kvikmyndarinnar, sem hver um sig er þrunginn dramatískum kynngikrafti, þá er hún í heild sinni einhver áþreifanlegasta tjáning, sem ég hef orðið vitni að, á þeim aldagömlu og algildu sannindum að engin athöfn dregur manninn jafnaugljóslega niður á plan skynlausar skepnu eins og þátttaka í stríði — og eru mér í því sambandi minnistæð mörg atvik myndarinnar, t.d. líkahrúgan fyrir utan þorpskirkjuna, valurinn eftir næturárás Bandaríkjamanna og atriðin næst á undan þegar flóttamennirnir vaða aurléðjuna og skríða yfir veginn eins og maurahjörð. Fjöldi slíkra svipmynda hleðst upp og magnar sífellt þá tilfinningu, að hér séum við að horfa upp á endanlega afmönnum mannskepnunnar.

Á liðnum tveimur áratugum hefur heimurinn eignast mikið magn stórbrotinna listaverka, bæði skáldsagna, leikrita og kvikmynda, sem gert hafa vitfirringu styrjalda óhugnanlega nærgöngula og áþreifanlega, enda hefur aldrei verið meiri þörf á því en nú að uppmála hryllinginn. Eigi að síður erum við enn vitni að einhverju grimmlægasta og sóðalegasta stríði sem nokkru sinni hefur verið háð, og þar á stærstan hlut að máli eitt helzta menningarlikt samfímans. Er nema von menn spyrji, hvort mannkindinni ætli


aldrei að auðnast að draga lærdóma af reynslu sinni?

„Nóbí“ er eftirminnileg áminning til allra manna um að gera sér ljóst hvert stefnir, ef þjóðirnar láta ekki af átrúnaði sínum á ofbeldið sem leið til að útkljá deilumál. Myndin á erindi við alla og lætur áreiðanlega engan þann ósnortinn, sem á annað borð er með lífsmarki.

Sigurður A. Magnússon.

Sinfóníutónleikar í Háskólabíói

Á FIMMTUDAGINN 27. apríl verða 14. áskriftartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands haldnir í Háskólabíói. Lengi höfðu forráðamenn hljómsveitarinnar vonað, að hægt yrði að



Friednech Wührer

ráðast í það stórvirki að flytja hátíðarmessu Beethovens, Missa Solemnis. Af óviðráðanlegum ástæðum reyndist það ókleift í þetta sinn. Tónleikarnir verða samt sem áður helgaðir verkum eftir Beethoven. Þar verður flutt hýrleg önnur sinfónía og mikilvægur og tignarlegur fimmti píanókonsertinn, keisararakonsetrin „svokallaði. Einleikari í konsertinum er austurríski píanóleikarinn Friedrich Wührer. Wührer fæddist í Vín

árið 1900, og byrjaði að læra á píanó sex ára gamall. Engu var líkara, en að Vínarklassíkin væri honum í blóð borin, enda hefur Wührer þótt einn fremsti núlífandi túlkandi hennar. Hálf þritugur gerðist Wührer prófessor við tónlistarakademiuna í Vín og síðan hefur hann starfað jöfnum höndum sem konsertpíanisti og kennari. Friedrich Wührer hefur verið kennari í Vín, Berlín, Mannheim, Kiel og Salzburg en í Salzburg hélt hann „meistaraklassa“ í Mobarteum (frá 1946). Nú kennir Wührer í München. Tónleikahald hefur hann stundað